

☒ Re: Skiplagslýsing fyrir Suðrhálendið - Til uppl. og óskað er eftir umsögn ...

Búið til	15.8.2021 14:28:47
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	15.8.2021 14:28:42
Tilheyrir	 202107-0003 - Skiplagslýsing fyrir Suðrhálendið - Til uppl. og óskað er eftir umsögn

Efni

Re: Skiplagslýsing fyrir Suðrhálendið - Til uppl. og óskað er eftir umsögn ...

Upplýsingar

Sent	15.8.2021 14:28:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sudurhalendi@sass.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202107-0003 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendis dags. 2. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögnum um skipulagslýsingu fyrir gerð nýs svæðisskipulags Suðrhálendis sem nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal skipulagslýsingin gera grein fyrir „hvaða áherslur [svæðisskipulags]nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu“.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki lögbundinn umsagnaraðili fyrir skipulagslýsingar svæðisskipulagsáætlana. Svæðisskipulagið mun ná yfir mjög stóran hluta af hálendi landsins þar sem finnast fjölmargar náttúruminjar af ýmsum toga með hátt verndargildi en ólíka verndarstöðu, allt frá friðlýstum svæðum til náttúruminja sem ekki njóta neinnar verndar. Náttúrufræðistofnun telur því brýnt að veita umsögn til að vekja athygli á mikilvægi þess að svæðisskipulagið fjalli um náttúruvernd og sjálfbæra auðlindanotkun á svæðinu og til að tryggja að stuðst sé við bestu þekkingu um náttúrufar og verndargildi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri sem einkum varða umfjöllun um náttúrufar og náttúruvernd í vinnu við svæðisskipulagið.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>), og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>). Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>) og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>). Yfirlit yfir valista má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Allmörg viðfangsefni skipulagsáætlunarinnar sem nefnd eru í kafla 2 um áhersluatriði fjalla beint um verndun náttúru eða um áform þar sem mikilvægt er að meta áhrif þeirra á náttúru svæðisins. Þetta eru t.d. eftirfarandi: kortlagning, flokkun og skilgreiningar á óbyggðum svæðum, mörkun stefnu um verndun óbyggðra víðerna og annarra svæða með hátt verndargildi, stefna um vegakerfið og um megin göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir, skilgreining nýrra viðkomustaða fyrir ferðamenn og flokkun ferðaþjónustusvæða, mat á frekari orkuvinnslu, mat á möguleikum fyrir dreifikerfi raforku, verndun og endurheimt votlendis fyrir kolefnisbindingu og ákvarðanir um efnistökusvæði.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við greiningu, mat og ákvarðanatöku þeirra áforma sem talin eru hér upp í síðustu málsgrein, verði byggt á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruferfarir og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari ráðgjöf varðandi einstaka efnisþætti eins og við á og vísar í þær upplýsingar um náttúru landsins og mat á verndargildi hennar sem fjallað er um hér að framan.

Við ákvarðanir um verndun óbyggðra víðerna og um ný verndarsvæði fyrir náttúruminjar er stefnt að því að hafa hliðsjón af hugmyndum um miðhálandisþjóðgarð og af kortlagningu jarðminja og vistgerða sem falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (<https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>)). Það er mjög skynsamleg nálgun að mati Náttúrufræðistofnunar en jafnframt er bent á að horfa til tillagna Náttúrufræðistofnunar um svæði sem stofnunin hefur lagt til að verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár. Alls eru það 9 svæði sem falla innan áætlaðs skipulagssvæðis að öllu leyti eða hluta til. Svæðin eru ýmist tilnefnd vegna verðmætra vistgerða, búsvæða fugla sem margar eru ábyggðartegundir fyrir Ísland, verðmætra jarðminja eða samblandi þessara þátta. Sum svæðin eru þegar friðlýst en önnur eru það ekki.

Svæðin sem um ræðir eru eftirfarandi:

- **Miklumýrar**, tilnefndar vegna rimamýravistar sem er fágæt hálandisvistgerð. Ekki friðlýst í dag.
- **Kerlingarfjöll**, tilnefnd vegna jarðhitavistgerða. Eru nú þegar friðlýst.

- **Þjórsárver**, tilnefnd vegna rústamýravistar sem er fágæt hálendisvistgerð og búsvæða heiðagæsar. Eru nú þegar friðlýst.
- **Torfajökull**, tilnefnt svæði vegna jarðhitavistgerða. Að mestu þegar friðlýst svæði.
- **Veiðivötn-Vatnaöldur**. Tilnefnt svæði vegna fjölbreyttra jarðminja. Að hluta innan Vatnajökulþjóðgarðs.
- **Veiðivötn**. Tilnefnd vegna fugla. Ekki friðlýst í dag.
- **Hólmsá**. Tilnefnd vegna ferskvatnsvistgerða. Ekki friðlýst í dag.
- **Lauffellsmýrar**. Tilnefndar vegna rimamýravistar sem er fágæt hálendisvistgerð. Ekki friðlýst í dag.
- **Vatnajökulsþjóðgarður**. Tilnefndur vegna margra náttúrufarsþátta. Friðlýstur í dag.

Nánari upplýsingar um þessi svæði og verndargildi þeirra má finna hér:
<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>)

Allmörg svæði eru einnig á gildandi náttúruminjaskrá og hafa hátt verndargildi vegna náttúrufars þó þau séu ekki friðlýst. Þar má nefna Skjaldbreiði, Hvítárvatn og Hvítarnes, Heklu, Emstrur og Fjallabak, Þórsmörk, Grænafjallagarð, Eldgjá og Núpsstaðarskóg.

Nánari upplýsingar um svæði á gildandi náttúruminjaskrá má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, hér: Umhverfisstofnun | Náttúruminjaskrá (ust.is) (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>)

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum vinnu við svæðisskipulag Suðurrhálendisins og eins og áður segir er tilbúin til að veita ráðgjöf varðandi greiningu og ákvarðanatöku efnisþátta skipulagsins er hafa áhrif á náttúrufar svæðisins og verndun þess.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Suðurrhálendi" <sudurhalendi@sass.is>
To: "Suðurrhálendi" <sudurhalendi@sass.is>
CC:
Subject: Skiplagslýsing fyrir Suðurrhálendið - Til uppl. og óskað er eftir umsögn ...
Date: 2.7.2021 12:00:08

Ágæti viðtakandi.

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurrhálendis vinnur nú að gerð nýs svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið sem nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal samvinnunefnd sem vinnur að gerð nýs svæðisskipulags „... taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum“.

Skipulagslýsing ásamt fylgigögnum liggur nú fyrir og geta þeir sem áhuga hafa á kynnt sér hana á heimsíðu verkefnisins: <https://www.sass.is/sudurhalendi/> (<https://www.sass.is/sudurhalendi/>)

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir um fyrirbyggjandi gögn eða efni skipulagslýsingar geta skilað þeim til svæðisskipulagsnefndar á netfangið: sudurhalendi@sass.is (<mailto:sudurhalendi@sass.is>)

Frestur til athugasemda er gefinn til og með 15. ágúst nk. Ef engar ábendingar eða athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Endanleg tillaga verður kynnt almenningi með formlegum hætti og auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendis

Viðhengi

image001.png (5 KB)